

**Mál nr. 277/2008**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ fasteignatryggingar.**

**Tjón á eldhúsinnréttingu o.fl. af völdum raka og myglusvepps.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 1.12.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.12.2008, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í október 2003 mun vatnsrör hafa sprungið í gólfi milli eldhúss og þvottahúss í húseign á Selfossi, sem þá var í eigu A. Fasteignin var þá vátryggð hjá vátryggingafélaginu X. Samkvæmt tjónslýsingu X frá þeim tíma er atvikið var þurfti að brjóta upp í þvottahúsinu og raki komst í eldhúsgólf þar sem korkflísar voru. Auk uppbrots, múrverks o.fl. var skipt um flísar á eldhúsgólfinu og málaðir voru veggir og gólf í þvottahúsi. Var tjónið bætt úr fasteignatryggingu A hjá X í nóvember 2003.

Í maí 2008 var húseignin komin í eigu M, en í kjölfar jarðskjálfta á Suðurlandi í lok þess mánaðar þurfti að losa upp innréttingu í eldhúsi og þiljur í hjónaherbergi. Komu þá í ljós skemmdir af völdum raka og myglusvepps. Telur M að skemmdir þessar megi rekja til vatnstjónsins í nóvember 2003. Því sé hér um að ræða óbætt tjón frá þeim tíma sem beri að bæta úr fyrrgreindri fasteignatryggingu A.

Húsasmíðameistari, sem skoðaði skemmdirnar að beiðni M, telur að vatn hafi komist undir innréttinguna og valdið myglusvepp sem ekki hafi verið sjáanlegur fyrir en innréttingin var losuð.

X hefur hafnað bótaskyldu, annars vegar á þeirri forsendu að ósannað sé að skemmdir á eldhúsinnréttingunni verði raktar til vatnstjónsins 2003 og hins vegar að krafan sé fyrnd.

**Álit.**

Rakaskemmdir þær sem deilt er um í máli komu í ljós um fjórum og hálfu ári eftir að vatnsleiðsla hafði sprungið í gólfi á milli þvottahúss og eldhúss. Tjón, sem þá var talið hafa hlotist, var bætt úr fasteignatryggingu A, þáverandi eiganda eignarinnar. Ekki þykir mega fullyrða að krafa sú sem nú er höfð uppi í málinu sé fyrnd skv. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, sem í gildi voru er vátryggingaratburðurinn varð 2003. Á hinn bóginn er ekkert vitað um frekari skemmdir sem kunna að hafa orðið af völdum þessa atburðar fyrir en skemmdir komu í ljós í maí síðastliðnum. Eins og mál þetta er vaxið verður M að sýna fram á það með órækum gögnum að þær skemmdir, sem nú hafa komið í ljós, verði raktar til atviksins í október 2003. Engin slík gögn liggja fyrir og verður því ekki hjá því komist að telja ósannað að tjónið verði rakið til atviksins 2003. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr fasteignatryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr fasteignatryggingu hjá X.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.